

Ár 1977, þriðjudaginn 27. september, var í málínu nr.
12/1977 kveðinn upp af Yfirlasteignamatsnefnd svohljóðandi

ú r s k u r ð u r :


Málavextir eru þeir, að jörðin Ferjukot í Borgarhreppi, Mýrarsýslu, er sameign þeirra Sesselju Fjeldsted og Kristjáns Fjeldsted. Á hvort þeirra helming jarðarinnar, en Kristján hefur ábúð hennar. Sesselja er ekki búsett í Borgarhreppi. Árið 1976 var Sesselju gert að greiða almennan fasteignaskatt af matsverði helmings hlunninda jarðarinnar og að auki 4% álag, sem nam samkvæmt þeim upplýsingum, sem fyrir liggja, kr. 98.062,-. Í bréfi til oddvita Borgarhrepps, dags. 3. desember 1976, var ofangreindri skattlagningu mótmælt af hálfu Sesselju, og þau mótmæli studd tilvisun í lög nr. 8/1972 um tekjustofna sveitarfélaga svo og með vísan til þess, að ábúandi ætti samkvæmt ábúðarsamningi að greiða gjöldin.


Með bréfi oddvita Borgarhrepps, dags. 14. júní 1977, var óskað eftir úrskurði Yfirlasteignamatsnefndar, um það, hvort Sesselju væri skytt að svara Borgarhreppi fyrrgreindu 4% álagi.


Samkvæmt framansögðu er hér aðeins til úrlausnar, hvort eiganda hálfarjar jarðarinnar Ferjukots, Sesselju Fjeldsted, sé skytt að svara Borgarhreppi umræddu 4% álagi á þau hlunnindi, sem eignarhluta hennar fylgja. Samkvæmt lögum nr. 8/1972 um tekjustofna sveitarfélaga, sbr. 3. gr. 4. mgr., er sveitarstjórn heimilt að leggja 4% skatt á virðingarverð hlunninda, sem eru í eigu utansveitarmanna, til viðbótar fasteignaskatti samkvæmt 2. og 3. mgr. sömu lagagreinar. Þessari lagareglu hefur ekki verið hnækkt af dómstólum og ber því að leggja hana hér til grundvallar. Skýra verður reglu þessa svo, að eiganda hlunninda, og falla þar undir laxveiðihlunnindi, sé skytt að svara sveitarsjóði þessum viðbótarfasteignaskatti og beri ábyrgð gagnvart sveitarsjóði á greiðslu hans. Kemur því ekki til álita hér, hverning fari um greiðslu þessa skatts í lögskiptum eiganda og ábúanda innbyrðis. Samkvæmt þessu ber Sesselju Fjeldsted að greiða Borgarhreppi skatt þennan.

Ú R S K U R Ð A R O R Ð :

Eiganda hálfarjar jarðarinnar Ferjukots í Borgarhreppi, Sesselju Fjeldsted, er skytt að svara Borgarhreppi 4% skatti af helmingi virðingarverðs hlunninda jarðarinnar, sbr. 4. mgr. 3. gr. laga nr. 8/1972 um tekjustofna sveitarfélaga.


Gaukur Jóhannsson


Magnus Thoroddsen


Þórir Stefánsson